

**77** 1876 og frá því, ef skipti verða á stofnöndum sjóðsins samkvæmt 2 og 3 gr. samþykktarinnar.  
16. maí.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sparissjóðsins á Ísafirði.

**78** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sveitar meðlag með vitfirringi.* — Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 2. f. m. meðtók jeg álit yðar um umkvörtun hreppsnefndarinnar á Vestmannaeyjum út af því, að þjer hafð úrskurðað hreppsnefndinni í Dyrhólahreppi meðal annars 60 aura daglegt endurgjald fyrir fœði, húsnæði og aðra aðhlyningu handa vitfirrtum þurfamanni Sveini Hjaltasyni, er sveit á í Vestmannaeyjum, en dvaldi um stund síðastliðið haust í Dyrhólahreppi, — enn fremur 46 kr. 60 aura fyrir að vaka yfir tjeðum ómaga, og loksins 2 kr. borgun handa hreppstjóranum.

Hvað nú fyrst snertir fœðispeninga fyrir tjeðan ómaga, þá virðist upphæð sú, er þjer hafð ákveðið, þó hún kunni að vera meiri en venjulega er lagt með ómögum, ekki of há með tilliti til hins sjerstaka ástands þessa ómaga. Aftur á móti virðist engin heimild hafa verið fyrir hreppstjóra til að reikna sjer borgun þá fyrir fyrirhöfn sína, er hann hefir tiltekið. Með tilliti til hins áminnzta vökugjalds, hefir hreppsnefndin í Vestmannaeyjahreppi haldið því fram, að mögulegt hefði verið að setja vitfirringinn í spennitreyju, að þá hefði ekki þurft að hafa neinn vökumann yfir honum, og að það, hvað sem öðru líður, hafi verið ónaðsynlegt að hafa 2 vökumenn eins og hafðir voru í 9 af þeim 16 sólarhringum, er Sveinn dvaldi í hreppnum, og loksins hefir Vestmannaeyjahreppur álitid vökukaupið 2 kr. 33 a. um sólarhringinn of hátt. Hvað nú fyrst snertir upphæð þessa gjalds, verð jeg að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að það sje ekki of hátt tiltekið, eptir því sem æði hins geðveika er lýst, en með tilliti til nauðsynjar þessa varðhalds, þá virðist ekkert verða haft í móti því, að Dyrhólahreppur kaus heldur að láta vaka yfir þessum vitfirringi, en að setja hann í spennitreyju eða binda hann, því síður sem hreppurinn átti ekki kost á að leita álits læknisfróðs manns um það, hvort slík meðferð á hinum geðveika gæti ekki haft hættulegar afleiðingar fyrir heilsu hans. Upphæð sú, sem Vestmannaeyjahreppur á að endurgjalda Dyrhólahreppi, verður því 57 kr. 70 a., og eruð þjer herra amtmaður beðnir að hlutast til um, að Vestmannaeyjahreppur greiði upphæð þessa án frekari undandrættar.

**79** — *Brjef landshöfðingja til biskups um útbýtingu styrks til hinna*  
19. maí, fátækustu brauða. — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup í þóknanlegu brjefi 17. þ. m. er veitt er til fátækustu brauða með 13. gr. A. b. 1. í sjárlögnum 19. október 1877 að upphæð 4000 kr., þetta ár úthlutað meðal neðangreindra brauða:

A.	
Sandfell í Örefum . . . . .	400 kr. fluttar 1500 kr.
Staður í Aðalvík . . . . .	400 — Reynisþing . . . . . 200 —
Þönglabakki . . . . .	300 — Hvanneyri . . . . . 200 —
Kirkjubólsping með Stað . . . . .	200 — Kviabekkur . . . . . 200 —
Bergstaðir . . . . .	200 — Presthólar . . . . . 200 —
	flyt 1500 —
	flyt 2300 —